



Minnisblað fyrir menntaráð: Starfsáætlanir stofnana frístundadeildar

Forstöðumenn við stofnanir frístundadeildar hafa skilað starfsáætlun fyrir sína starfsstöð fyrir árið 2022-2023. Forstöðumenn fara eftir ákveðnum ramma við gerð starfsáætlunar sem unnin er saman á skipulagsdegi forstöðumanna að vori.

Mat starfsáætlana félagsmiðstöðva Kópavogs

Skipulag starfsins, þar með talið faglegar áherslur og dag- og kvöldskipulag er birt í starfsáætlun. Starfsáætlun er svo lögð fyrir menntaráð til samþykktar.

1	Hagnýtar upplýsingar: sími, netfang, heimilisfang, opnunartími (dag- og kvöldopnun)	
2	Félagsmiðstöðvadatal – Sameiginlegt viðburðadagatal félagsmiðstöðva	
3	Starfið í vetur - félagsmiðstöðvar – Gera grein fyrir áherslum í starfinu – Valáfangar sem forstöðumenn/starfsmenn sjá um – Miðstigsstarf – Lýsing á samstarfi við skóla Viðburðir í vetur – Viðburðir á vegum félagsmiðstöðvar – Sameiginlegir viðburðir félagsmiðstöðva – Viðburðir í samvinnu við skólann – Viðburðir í samvinnu við Samfés	
4	Hópastarf (Haft að leiðarljósi grunnstoðir Barnasáttmálans gr. 2, gr.3, gr. 6, gr. 12, og gr. 42, og Heimsmarkmiða 3, 4, 5, 12 og 16).  – Gera grein fyrir sértæku hópastarfi (Hér er átt við nemendur með annað móðurmál en íslensku, félagslega einangraða, nemendur í skólaforðun eða annað) – Sumaropnun félagsmiðstöðvarinnar (gera stuttlega grein fyrir) – Hvernig var það uppbyggt, hvernig gekk. – Ef þegar eru komnar hugmyndir fyrir næsta sumar, segja frá því. –	



5	Unglingaráð (Hverjir sitja í ráðinu og hvernig er það skipulagt) – Félagsmiðstöðvaráð – Ungmennaráð Samfés (ef unglingar frá ykkur eru í því) – Félkóraráð – Ungmennaráð Kópavogs	
6	Foreldrasamstarf – Gera grein fyrir samstarfi við foreldra og upplýsingamiðlun til þeirra um starfið	
7	Verkferlar sem félagsmiðstöðin vinnur eftir (þarf ekki að setja neitt inn hér) – Allir verkferlar frístundadeildar – Móttaka nýrra starfsmanna – Öryggisgátlisti – Gátlistar í sértæku hópastarfi – Handbók um starfið – Rýmingaráætlun (samstarf við skóla)	
8	Innra mat – Gera skal grein fyrir hvaða þættir eru viðfangsefni innra mats á árinu	
9	Símenntunaráætlun – Hvaða námskeið og fræðsla fyrir starfsfólk eru skipulögð af frístundadeild og félagsmiðstöðvar hálfu (sjá símenntunaráætlun inn á sameign)	
10	Fjöldatölur -Fjöldatölur settar fram fyrir hvern mánuð á síðasta starfsári (ágúst-júlí)	
11	Listi yfir starfsfólk og starfsheiti	
12	Annað sem varðar starfsemina	



Styrkleikar

Í þessari starfsáætlun var lögð áhersla á að tengja áfram starf félagsmiðstöðva við greinar Barnasáttmálans og Heimsmarkmiðana, og þá sérstaklega horft til eftirfarandi greina.



Félagsmiðstöðvar Kópavogs sinna markvissu og öflugu frístunda- og forvarnarstarfi sem tengist beint og óbeint greinum Barnasáttmálans og greinum Heimsmarkmiðanna. Sérstækt hópastarf er orðið hluti af starfi félagsmiðstöðvanna og í aðgerðaráætlun Menntastefnu M.5.1 (Þátttaka barna í frístunda- og íþróttastarfi) er verkáætlun sem snýr sérstaklega að því að auka þátttöku barna í sértæku hópastarfi með það að markmiði að bæta líðan og auka virkni þátttakenda. Á þessu ári og næsta ári verður áfram lögð áhersla á kortleggja betur sértækt hópastarf, skilgreina betur markmið, hlutverk, fyrirkomulag, umfang, sem og kortleggja betur hvar eru tækifæri til að móta meira miðlægt sértækt hópastarf. Meginmarkmið með sértæku hópastarfi er að virkja unglinga til þátttöku í skipulögðum verkefnum og hjálpa þeim að takast á við félagslegar aðstæður. Slíkt starf hefur mikið forvarnargildi og nauðsynlegt mörgum unglingum til að þeir standi styrkari fótum í lífinu. Það er því gríðarlega mikilvægt að vanda bæði val og skipulag á sértæku hópastarfi og undirbúa það vel með traustum markmiðum og markvissu mati á því sem fer þar fram.

Mælingar á sértæku hópastarfi

Í aðgerðaráætlun 2022 hefur verið unnið að þróun mælinga á sértæku hópastarfi í félagsmiðstöðvum Kópavogs. Í samstarfi við sérfræðinga á stjórnsýslusviði og menntasviði Kópavogsbæjar er hafinn undirbúningur að þróun spurningarlista sem ætlaður er að mæla hvort þátttaka í sértæku hópastarfi hafi jákvæð áhrif á sjálfsmynd, félagslega færni og líðan þeirra sem taka þátt í starfinu. Um er að ræða sértækt hópastarf fyrir unglinga í 8. – 10. bekk. Hóparnir verða valdir af starfsfólki félagsmiðstöðva og horft er til samvinnu við skóla eða aðra aðila sem koma að málefnum barnsins. Gert er ráð fyrir að sértæka hópastarfið geti staðið yfir í mis langan tíma, allt eftir því hvernig hópastarfið er byggt upp. Ætlunin er að gera mælingu í byrjun hópastarfsins og aftur í lokin. Fyrir neðan er gerð grein fyrir þeim þáttum sem á að mæla;

1. Í öllu sértæku hópastarfi er verið að vinna með **sjálfsmynd** unglinga hvort sem hópurinn er félagslega einangraður eða sýnir af sér áhættuhegðun. Því



þykir okkur mikilvægt að geta mælt hvort hópastarfið er að styrkja sjálfsmynd ungliona.

2. Unnið er með **félagslega færni** ungliona í hópastarfinu hvort sem hópurinn er félagslega einangraður eða sýnir af sér áhættu hegðun. Okkur þykir mikilvægt að geta mælt hvort félagsleg færni ungliona hafi tekið framförum.
3. Mikilvægt er að skoða **líðan** ungliona fyrir og eftir hópastarfið.
4. Einnig höfum við áhuga á að skoða **samhygð** þar sem við teljum hana mikilvæga í félagslegu samhengi.

Lögð er áhersla á að félagsmiðstöðvarnar og ungmennahús séu öruggir staðir fyrir ungt fólk þar sem það er alltaf einhver til staðar til að hlusta á þau, ræða málin, spegla skoðanir sínar og veita þeim rými til þess að þroskast og eiga heilbrigð samskipti við jafnaldra og starfsfólk. Við vitum hversu mikilvægt er að tilheyra hópi og starfsfólki félagsmiðstöðva leggja mikið upp úr því að bjóða alla velkomna og að allir hafi sitt pláss í félagsmiðstöðinni og ungmennahúsinu. Félagsmiðstöðvar og ungmennahús eru staðir þar sem ungt fólk kemur á sínum forsendum með alla sína hæfileika og kosti og fær jákvæð viðbrögð frá starfsfólkinu.

Hinsegin opnanir

Í félagsmiðstöðinni **Ekkó** er starfræktur Hinsegin klúbbur og er hann núna á sínu öðru ári. Góð mæting hefur verið í klúbbinn og hlaut hann meðal annars viðurkenningu frá Menntaráði Kópavogsbæjar (Kópurinn) fyrir gott starf. Mikil eftirspurn var eftir starfinu í kjölfar fyrsta starfsársins frá bæði nemendum og starfsfólki. Klúbburinn er opinn öllum og taka einnig nemendur frá öðrum skólum þátt sem vilja. Klúbburinn er starfræktur alla miðvikudaga og skipuleggja þátttakendur dagskrána sjálfir með aðstoð starfsmanna. Frístundadeild hefur svo átt frumkvæði af því að fara af stað með vinnu í að raungera sameiginlegt starf milli Kópavogs, Garðabæjar og Hafnarfjarðar. Í þeirri samvinnu er horft til þess að sveitarfélögin skiptast á að bjóða í hinsegin opnanir. Hugmynd hefur síðan komið upp að hefja ákveðið reynslunám fyrir starfsmenn félagsmiðstöðva þessa sveitarfélaga eins og hefur tíðkast í Hinsegin félagsmiðstöð 78 og Tjarnarinnar hjá Reykjavíkurborg. Starfsmenn taka þá námsvaktir í starfinu þar sem þeir kynnast þátttakendum starfsins, auka sýnileika sinna félagsmiðstöðva og læra af hvoru öðru.

Hrafninn og Tröð

Frístundaklúbburinn **Hrafninn** í dag þjónustar börn og unglona í 5.-10. Bekk, úr öllum grunnskólum Kópavogs. Það er ánægjulegt að sjá hversu mikið samstarf við grunnskólana hefur þróast undanfarin ár og þá með hliðsjón af reglulegum teymsifundum innan skólanna. Það sýnir samfellunna í þjónustunni, og mikilvægi þess að Hrafninn sé eitt af þeim úrræðum sem börn með fötlun nýta sér. Með aukinni samvinnu við skólana er hægt að gera þjónustuna markvissari allt með það að leiðarljósi að mæta þörfum barnanna sem Hrafninn sækja á sem bestan hátt. Einnig er gaman að sjá í dagskrá Hrafnins samvinnu við Bókasafn Kópavogsbæjar, þar sem heimsókn á bóksafnið er fastur liður í dagskrá Hrafnins. Reglulegar sundferðir eru



sömuleiðis í boði sem og hreyfing í íþróttahúsi Digranesi, allt eru þetta þættir sem stuðla að betri líkamlegri og andlegri líðan barnanna sem Hrafninn sækja.

Tröð er þjónusta ætluð fötluðum ungmennum í Kópavogi sem er tímabundið undir Frístundadeild, en fyrirhugað er að þjónustan færist á velferðarsvið haustið 2023 og mun þá heyra undir Þjónustu- og ráðgjafardeild fatlaðra. Það eru mörg tækifæri fólgin í nýrri þjónustu og ánægjulegt að sjá þjónustuna þróast í heilsársþjónustuna þar sem fötluðum ungmennum býðst skipulagt frístunda- og atvinn tengt starf yfir vetur og sumar í sínum heimabæ. Í starfsáætlun Traðar er flott að sjá markmið sett um ráð ungmenna innan Tröð, sem mun setja upp dagskrá, endurskoða aðstöðu, hafa áhrif á stærri búnaðarkaup og annað sem hefur jákvæð áhrif á starfið. Þróun á kvöldstarfi innan Traðar þar sem ungmenni koma að skipulagi á að bjóða upp á skemmtilega viðburði líkt og böll, bingókvöld eða annað sem ungmennin kjósa sér verður gaman að fylgjast með.

Lýðræðisleg þátttaka

Stofnanir frístundadeildar leggja mikið upp úr því að vinna með lýðræðislega þátttöku barna og ungmenna, og hafa til langs tíma verið með starfandi unglinga/ungmennráð. **Félkóraráð** er t.d. ráð þar sem tveir fulltrúar úr hverri félagsmiðstöð sitja í. Hlutverk ráðanna er að koma að skipulagningu á dagskrá, almennu starfi og sameiginlegum viðburðum félagsmiðstöðvanna. Í gegnum þátttöku í ráðunum læra unglingarnir lýðræðisleg vinnubrögð, virðing er borin fyrir skoðunum þeirra og þau læra að bera virðingu fyrir skoðunum annarra, sem og eru unglingaráðin vettvangur sem veitir þeim frelsi til að deila og koma sýnum hugmyndum á framfæri. **Ungmennaráð Kópavogsbæjar** er svo formlegt ráð Kópavogsbæjar þar sem grunnskóli og félagsmiðstöð tilnefna sameiginlegan fulltrúa síns skóla í ráðið, Menntaskólinn í Kópavogi tvo fulltrúa og ungmennahúsið tilnefnir sömuleiðis fjóra fulltrúa í ungmennaráðið. Í **Ungmennaráði Samfés** sitja svo þrír fulltrúar frá Kópavogi. Kosið er á Landsmóti Samfés sem eru samtök allra félagsmiðstöðva og ungmennahúsa á Íslandi.

Samstarf við skóla

Góð félagsmiðstöð getur gert skóla enn betri þar sem trú á einstaklinginn er í fyrirrúmi. Það er ánægjulegt að sjá hversu mikið samstarf skóla og félagsmiðstöðva hefur þróast í jákvæða átt undanfarin ár. Reglulegir samráðsfundir eru haldnir með annað hvort deildarstjóra unglingastigs, námsráðgjafa eða aðstoðarskólastjóra til að fara yfir líðan nemenda og skipulagningu sameiginlegra viðburða. Aðilar veita upplýsingar eftir þörfum allt með það að leiðarljósi að bæta líðan nemenda. Auk þess sjá starfsmenn flestra félagsmiðstöðva um valáfanga og/eða koma að því að aðstoða í valáföngum skólans á einn eða annan hátt.

Sumaropnun félagsmiðstöðva

Sumaropnun félagsmiðstöðva er orðin fastur liður í starfi félagsmiðstöðvanna. Undanfarin tvö sumur hafa félagsmiðstöðvarnar í góðri samvinnu við Vinnuskóla Kópavogs unnið að gerð verkferla og gátlista til að gera samstarfið enn skilvirkara og





skýrara á milli stjórnenda félagsmiðstöðva og vinnuskólans. Markmiðið með samstarfinu er að bjóða nemendum í 8.-10.bekk í öllum grunnskólum Kópavogs fjölbreytt og skemmtileg sumarstörf í félagsmiðstöðvunum, sem taka mið af þörfum og getu hvers og eins. Störfin eru af ýmsum toga, en áhersla hefur verið lögð á að ná sérstaklega til nemenda sem eru félagslega einangraðir eða þurfa að styrkja sig á einhvern hátt félagslega. Nemendur með annað móðurmál en íslensku hafa líka tekið þátt í gegnum verkefnið **Velkomin** sem verður betur skýrt hér að neðan. Unnið er bæði með hópa og einstaklinga í starfi félagsmiðstöðvanna og er það okkar trú að þetta samstarf er afar mikilvægt og þarft til að mæta mismunandi þörfum unglinganna. Störfin sem unglingarnir vinna eru af ýmsum toga, allt frá því að þróa notkun á VR búnaði í starfi félagsmiðstöðvanna, rækta tónlistarhæfileika sína og standa að tónleikaröð fyrir eldri borgara, og taka þátt í útivistarhópi þar sem útivist og göngur eru kynntar ungu fólki í nærumhverfi þeirra.

Velkomin námskeið

Fjórða árið í röð í samvinnu við frístundadeild var nemendum úr öllum grunnskólum Kópavogs með annað móðurmál en íslensku boðið að sækja námskeiðið Velkomin í félagsmiðstöðinni Kjarnanum (Kópavogsskóla). Velkomin býður nemendum í 5.-10.bekk í öllum grunnskólum Kópavogs, sem eru nýfluttir í Kópavoginn velkomna í sveitarfélagið. Afþreyinga- og áhugasviðsmöguleikar í Kópavogi eru kynntir m.a. með vettvangsheimsóknum í aðrar félagsmiðstöðvar, sundlaugar, siglingaklúbbinn og bókasafn. Boðið er upp á skipulagt frístundastarf og íþróttafélögin eru heimsótt þar sem þjálfarar taka á móti hópnum og kynna sitt starf. Hjá íþróttafélögunum gefst þátttakendum kostur á að prófa ýmsar greinar og kynnast þannig betur starfi íþróttafélaganna. Íslenskumælandi unglingum er einnig boðið að starfa á námskeiðinu, og þeirra hlutverk er m.a. að halda utan um miðstigsstarf með starfsfólki námskeiðsins sem og hjálpa þátttakendum á námskeiðinu að kynnast samfélaginu Kópavogur. Velkomin er endurgjaldslaust og eru þátttakendur í 8.-10.bekk á launum í vinnuskólanum á meðan námskeiðinu stendur.

Símenntunaráætlun og verkferlar starfsstöðva frístundadeildar

Stofnanir frístundadeildar leggja metnað og veita svigrúm til fræðslu og þjálfunar til starfsfólks. Mikilvægt er að efla starfsfólk í starfi og auka bæði þekkingu og fagmennsku. Símenntunaráætlun er gefin út á hverju hausti þar sem starfsfólki gefst tækifæri á að fá fjölbreytta fræðslu allt með það að leiðarljósi að styrka starfsmenn í starfi. Í haust var tveggja daga námskeið fyrir allt starfsfólk frístundadeildar þar sem lögð var áhersla að bjóða alla velkomna til starfa, auk þess sem starfsfólki bauðst fræðsla og þjálfun um undirbúning og skipulag á sértæku hópastarfi. Unnin er svo fræðsluáætlun fyrir allar stofnanir frístundadeildar fyrir hvern mánuð þar sem starfsfólk tekur fyrir eftirfarandi málefni til umræðu í gegnum samtal, hópastarf eða aðra vinnu. Ákveðið var að fjalla um áhrif neyslu orkudrykkja, kynfræðslu, fjölmenningu og unglingar gegn ofbeldi. Reglubundin og markviss þjálfun og endurmenntun er mikilvæg til að gera bæði starfsfólk öruggara í starfi sem og gera starfið faglegra og skemmtilegra. Starfsmenn fá líka tækifæri á starfsmannafræðslu að



kynna sitt starf og þannig er hægt að skiptast á góðum verkefnum og hugmyndum sem nýst geta í starfi.

Verkferlar frístundadeild

Deildarstjóri og verkefnastjóri frístundadeildar unnu svo að gerð og endurskoðun á verkferlum fyrir allar stofnanir frístundadeildar, hér fyrir neðan má sjá nokkra af þeim verkferlum sem stofnanir frístundadeildar vinna eftir í dag;

- Verkferlar frístundadeildar

Í þeim má finna verkferla fyrir; undirbúning viðburða, framkvæmd viðburða, ferðir (stuttar og langar), útivaktir, atvikaskráningu, einstaklingssamtöl, samskipti við foreldra, minniháttar hegðunarfrávik, alvarleg hegðunarfrávik, smávægilegir áverkar, alvarleg slys og tilkynningar til barnaverndar.

- Móttaka nýrra starfsmanna
- Gátlisti vegna sértæks hópastarfs
- Móttaka nemanda með annað móðurmál en íslensku
- Gátlisti vegna eineltis
- Verklagsreglur gegn ofbeldi

Símenntunaráætlun – Frístundadeild 2022-2023

Fræðsluerindi	Dagsetning	Efni	Fyrirlsari	Staðsetning
Velkomin til starfa- Nýliða/starfsmannánámskeið	24. og 26. ágúst	Nýliðafræðsla og fræðsla um sértækt hópastarf	Áslaug Einarsdóttir	24.8 Smáaskóli 26.8 Salur á Seltjarnarnesi
Verndari barna	5.september	Vernd barna gegn ofbeldi	Barnaheill - Guðrún Helga	Molinn kl 17:00- 19:00.
Stjórnendafræðsla	13.september	Jákvæð forystuhæfni/stjórnun	Ingrid Kuhlman	Fannborg 6 - Fundarherbergi Völlur
Skyndihjálp	Kemur síðar	Skyndihjálp	Athuga mannauðsdeild	Eloomi fræðsluvefur
Kynning á fræðslutorgi	6.september-Á forstöðumanna-fundi	Eloomi fræðslu og námskeiðskerfi	Harpa	Teams
Forvarnavika – stjórnendafræðsla	1.október		Mánudagsfræðsla grunnskóladeildar	Teams
Hvaðan ertu - stjórnendafræðsla	1.nóvember	Námskeið fyrir stjórnendur félagsmiðstöðva og frístundar	Miriam Petra	Fönlax
Hvaðan ertu	7.nóvember	Fjölmennningarfræðsla	Miriam Petra	
„Verkferakistudagur“ félagsmiðstöðvanna	5.des	Læra hvert af öðru samhliða kynningum á verkefnum úr námi, fræðsluferðum og öðru.		
Vika 6	6.-10.febrúar	Kynfræðslufni varðandi átakið „Vika 6“	Kolbrún Hrund- Jafnréttisfulltrúi hjá Rvk.borg	Molinn
Skipulagsdagur hlutastarfsamanna	10.maí	Hlutastarfrsmenn félagsmiðstöðva ígrunda starfsárið og koma með hugmyndir að viðfangsefnum og skipulagi fyrir næsta starfsár í samtali við verkefnastjóra og deildarstjóra frístundadeildar.		Dimma

Fræðsluáætlun -Félagsmiðstöðvar/Molinn/Hrafninn

Fræðsluerindi	Mánuður
Samfélagsmiðlar - Forvarnavikan	Október
Fjölmennning	Nóvember
Orkudrykkir	Janúar
Kynfræðsla	Febrúar
Sjúkást/Unglingar gegn ofbeldi	Maí



Tækifæri til úrbóta

Samstarf við foreldrarölt og foreldrafélög

Samstarf við foreldrarölt eða foreldrafélög hafa verið mismikil á milli stöðva, en það er ánægjulegt að sjá hjá sumum hversu öflugt það samstarf er orðið. Þetta er þáttur sem frístundadeild telur mikilvægt að sé bættur og verður unnið betur að þegar kemur að vinnu umbótaáætlana.

Stuðningur við unglinga með fötlun til þátttöku í starfi félagsmiðstöðva

Í aðgerðaráætlun menntastefnu 2022 fór af stað þróunarverkefni til að styðja betur við unglinga með fötlun til þátttöku í starfi félagsmiðstöðvanna. Undirbúningur og þróun verkefnis hefur gengið vel en í upphafi var ákveðið að vinna verkefnið í samvinnu við þá grunnskóla sem hafa sérdeildir. Varðandi þróun á verkefninu þá er mikilvægt að horfa til þess að geta boðið fleirum en bara nemendum úr sérdeild grunnskóla til að taka þátt í starfinu með stuðning. Börn glíma við margvíslegar áskoranir í sínu lífi og er það okkar von að við getum með þróun þessa verkefnis komið betur til móts við fjölbreytt hóp barna sem þarf á einhverjum stuðningi að halda til þátttöku í starfi félagsmiðstöðvanna.

Eftirfylgni frístundadeildar

Deildarstjóri og verkefnastjóri frístundadeildar funda einu sinni í viku með öllum forstöðumönnum frístundadeildar þar sem starfið er rætt og samræmt, og upplýsingar veittar. Skipulagsdagar með stjórnendum frístundadeildar eru svo haldnir að hausti og vori, auk þess er skipulagsdagur fyrir allt hlutastarfsfólk þar sem stjórnendur frístundadeildar eiga uppbyggilegt og gott samtal við starfsfólk deildarinnar, þar sem starfsárið er rýnt og umræða um hvar gengur vel og hvar eru tækifæri til að gera betur. Frístundadeildin heldur svo utan um skipulagningu á símenntunaráætlun og sér um að bóka fræðsluerindi og skipuleggja. Verkefnastjóri frístundadeildar í samvinnu við deildarstjóra styður svo forstöðumenn stofnana frístundadeildar með ýmskonar fræðsluefni til að nota í tengslum við fræðsluáætlun félagsmiðstöðvanna, Hrafningsins, Tröð og ungmennahúss Molans. Auk þess sitja forstöðumenn í vinnuhópum í tengslum við verkefni sem frístundadeild ber ábyrgð á í tengslum við aðgerðaráætlun menntastefnu. Deildarstjóri og verkefnastjóri frístundadeildar boða vinnuhópa reglulega á fundi og haft er samráð um þróun, útfærslur og fyrirkomulag á þeim verkefnum sem unnið er að í tengslum við Menntastefnu Kópavogsbæjar.

Frístundadeildin leggur áherslu á góða vinnustaðarmenningu, góða líðan og ánægju starfsmanna. Á hverju ári eru starfsmenn boðnir sérstaklega velkomnir til starfa, þar þeim eru kynntar helstu áherslur í starfi og unnið með gott hópefli til að þetta starfsmannahópin saman fyrir komandi starfsár. Deildarstjóri og forstöðumenn stofnana frístundadeildar bjóða svo starfsfólki upp á starfsmannasamtal 1x á ári þar sem starfsfólkið fær tækifæri á að ræða um líðan sína, þróun í starfi og annað sem tengist starfi þeirra. Einnig er starfsfólki boðið að taka þátt í vinnustaðargreiningu hjá mannauðsdeild bæjarins.

Virðingarfyllst,
Amanda K. Ólafsdóttir
Deildarstjóri
Frístundadeildar



Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Viðauki; Sameiginlegt dagatal félagsmiðstöðva og dæmi um dagskrá félagsmiðstöðvar.

Frístundadeild		Félagsmiðstöðvadagatal 2022 - 2023												Félagsmiðstöð:	
ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MÁÍ	JÚNÍ	JÚLÍ				
1 Míðidagur í samkomunni	1 F	1 L	1 D	Færðingarnasandur	1 F Fyllifullidagurinn	1 S Hólabrennir	1 M Starfsmannadagur	1 M	1 L	1 M Verkaldaþingin	1 F Útdröktadagur - reiser	1 L			
2 D	2 S	2 S	2 M	2 M	2 M Hólabrennir (Félag)	2 F	2 F	2 F	2 S	2 F Félagsdagurinn	2 F Útdröktadagur - reiser	2 S			
3 M	3 L	3 M Færðingarnir	3 F	3 L	3 D	3 F Félagsdagurinn	3 F	3 F Skrifstofa	3 M	3 M	3 L	3 M			
4 F	4 S	4 D Færðingarnasandur	4 F	4 S	4 M	4 L	4 L Skrifstofa	4 F	4 F	4 S Félagsdagurinn	4 D	4 S			
5 F	5 M Starfsmannadagur	5 M Færðingarnir	5 L	5 M Starfsmannadagur	5 F	5 S	5 S Skrifstofa	5 M	5 F Skrifstofa	5 M Færðingarnasandur	5 M	5 M			
6 L	6 F Færðingarnasandur	6 F	6 S	6 D	6 F Fyllifullidagurinn	6 M	6 M	6 M	6 F Skrifstofa	6 M	6 F	6 M			
7 S	7 M	7 M Fyllifullidagurinn	7 L	7 M	7 F	7 F Færðingarnasandur	7 F	7 F Færðingarnasandur	7 S	7 S Færðingarnasandur	7 S	7 F			
8 M	8 F Starfsgætt Félags	8 L	8 D	8 D Starfsgætt Félags	8 F	8 S	8 M	8 L	8 L	8 M	8 F	8 L			
9 D	9 F Starfsgætt Félags	9 M	9 M	9 F	9 F Félagsdagurinn	9 S	9 F	9 F	9 S	9 F	9 D	9 S			
10 M	10 L	10 M	10 L	10 M	10 F	10 M	10 M	10 M	10 F	10 M	10 L	10 M			
11 F	11 S	11 D	11 M	11 F	11 S	11 M	11 L	11 D	11 D	11 F	11 S	11 S			
12 F	12 M	12 M	12 L	12 M	12 F	12 S	12 S	12 M	12 F	12 M	12 L	12 M			
13 L	13 D	13 F	13 M	13 L	13 D	13 F	13 L	13 M	13 S	13 M	13 L	13 F			
14 S	14 M	14 M	14 L	14 M	14 F	14 S	14 F	14 S	14 M	14 D	14 F	14 S			
15 M	15 L	15 M	15 F	15 L	15 D	15 F	15 L	15 M	15 S	15 M	15 L	15 M			
16 F	16 S	16 D	16 M	16 F	16 L	16 M	16 S	16 F	16 S	16 M	16 L	16 M			
17 L	17 M	17 M	17 L	17 M	17 F	17 S	17 F	17 S	17 M	17 D	17 F	17 S			
18 S	18 M	18 M	18 L	18 M	18 F	18 S	18 F	18 S	18 M	18 D	18 F	18 S			
19 M	19 L	19 M	19 F	19 L	19 D	19 F	19 L	19 M	19 S	19 M	19 L	19 F			
20 F	20 S	20 D	20 M	20 F	20 L	20 M	20 S	20 F	20 S	20 M	20 L	20 F			
21 L	21 M	21 M	21 L	21 M	21 F	21 S	21 F	21 S	21 M	21 D	21 F	21 S			
22 S	22 M	22 M	22 L	22 M	22 F	22 S	22 F	22 S	22 M	22 D	22 F	22 S			
23 M	23 L	23 M	23 F	23 L	23 D	23 F	23 L	23 M	23 S	23 M	23 L	23 F			
24 F	24 S	24 D	24 M	24 F	24 L	24 M	24 S	24 F	24 S	24 M	24 L	24 F			
25 L	25 M	25 M	25 L	25 M	25 F	25 S	25 F	25 S	25 M	25 D	25 F	25 S			
26 S	26 M	26 M	26 L	26 M	26 F	26 S	26 F	26 S	26 M	26 D	26 F	26 S			
27 M	27 L	27 M	27 F	27 L	27 D	27 F	27 L	27 M	27 S	27 M	27 L	27 F			
28 F	28 S	28 D	28 M	28 F	28 L	28 M	28 S	28 F	28 S	28 M	28 L	28 F			
29 L	29 M	29 M	29 L	29 M	29 F	29 S	29 F	29 S	29 M	29 D	29 F	29 S			
30 S	30 M	30 M	30 L	30 M	30 F	30 S	30 F	30 S	30 M	30 D	30 F	30 S			
31 M	31 L	31 M	31 F	31 L	31 D	31 F	31 L	31 M	31 S	31 M	31 L	31 F			

DAGSKRÁ JEMEN					SEPTEMBER 2022				
MÁN	PRI	MID	FIM	FÖS					
5 17:00-18:30 LOKAÐ 19:30-22:00 PIZZABAKSTUR	6 OPIÐ 10:00-15:00	7 17:00-18:30 PÁTTAGLÁP 19:30-22:00 PING PONG MÓT	8 OPIÐ 10:00-15:00	9 LOKAÐ	12 17:00-18:30 POTTAKLÚBBUR 19:30-22:00 ÍSFERÐ	13 OPIÐ 10:00-15:00	14 17:00-18:30 OPIÐ HÚS 19:30-22:00 ÍÞRÓTTALEIKAR	15 OPIÐ 10:00-15:00	16 15:00-17:30 FÓTBOLTA MÓT FÉLKÓ ÍTK BALL
19 17:00-18:30 OPIÐ HÚS 19:30-22:00 HJARTSLÁTTUR	20 OPIÐ 10:00-15:00	21 17:00-18:30 DISNEY KLÚBBUR 19:30-22:00 MINUTE TO WIN IT	22 OPIÐ 10:00-15:00	23 LOKAÐ	26 17:00-18:30 TRÚNÓ 19:30-22:00 BÍÓKVÖLD	27 OPIÐ 10:00-15:00	28 17:00-18:30 OPIÐ HÚS 19:30-22:00 WHAT'S IN THE BOX	29 OPIÐ 10:00-15:00	30 19:30-23:30 PÍLUMÓT
BACK TO SCHOOL									

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08.2026